

Alþingi
Erindi nr. E 131/446
komudagur 6.12.2004



U S T

Umhverfisstofnun

Nefndasvið Alþingis
umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2. desember 2004

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: UST20041100101/BS

Frumvarp til laga um náttúruvernd, eldri námur, 184. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, eldri námur, 184. mál.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við 1. grein frumvarpsins þar sem stofnunin telur að fella eigi burt orðin „á sama svæði“ úr c-lið og færir fyrir því eftirfarandi rök:

Hugtakið „sama svæði“ hefur ekki verið skilgreint á fullnægjandi hátt hvorki í lögum, né í úrskurðum eða í leiðbeiningarritum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Óbreyttur mun c-liður frumvarpsins bjóða uppá möguleika til margskonar túlkunar á um hvað teljist vera „á sama svæði“.

Til að skýra vandamálið má gefa eftirfarandi dæmi. Er um að ræða eitt eða tvö námusvæði ef unnið er efni:

- sitt hvoru megin við ein vatnaskil,
- á sínum hvorum bakka sömu ár,
- ofan eða neðan við sömu flúðir,
- í sitt hvorri skriðukeilu í Esjunni?

Umhverfisstofnun telur að c-liður í þeirri mynd sem hann er nú í frumvarpinu skorti nauðsynlegt gegnsæi og bjóði heim hættu á því að aðstæður hverju sinni ráði hvað teljist á sama svæði. Stofnunin leggur því til að c-lið 1. gr. verði breytt á þann hátt að „og á sama svæði“ verði fellt burt og c-liður verði eftirfarandi:

„c. áætlud er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökusvæða vegna sömu framkvæmda um 25.000 m³ eða meira“.

Virðingarfyllst,

Arni Bragason
staðgengill forstjóra

Afrit: Umhverfissráðuneytið

Helgi Jónsson
forstöðumaður